

## **Barroso í morgun: Mesta krísa í sögu evrunnar**

### **Eftir**

Barroso, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, sagði á fundi í Straaborg í morgun, að evrusvæði stæði frammi fyrir mestu krísu og áskorun sögu sinnar. Hann sagði jafnframt, að þetta væri spurning um sjálfstraust evruríkjanna.

Grísk dagblöð fullyrða að Grikkir hafi náð settu marki í samningum við einkaaðila um 21% afskriftir á skuldum þeirra. Finnska þingið greiðir atkvæði í dag um samkomulag leiðtoga evruríkjanna frá 21. júlí sl.